

**Veturinn 2020-2021****Nám í 10. bekk**

Námsefni í 10. bekk er skipt í tvo flokka: **KJARNA** og **VAL**.

**KJARNI**

Kjarninn er skyldunámsefni allra nemenda í 10. bekk. Í honum eru eftirtaldar námsgreinar með tilgreindum kennslustundafjölda.

Íslenska.....	6 kennslustundir á viku.
Stærðfræði.....	6 kennslustundir á viku.
Enska.....	4 kennslustundir á viku.
Danska.....	3 kennslustundir á viku.
Íþróttir.....	2 kennslustundir á viku.
Sund .....	1 kennslustund á viku.
Samfélagsfræði.....	4 kennslustundir á viku.
Lífsleikni.....	1 kennslustund á viku.
Náttúrufræði.....	3 kennslustundir á viku.
Sviðslist/söngleikurinn.....	2 kennslustund á viku.
<b>Kjarni samtals.....</b>	<b>32 kennslustundir á viku.</b>
<b>Valgreinar.....</b>	<b><u>5 kennslustundir á viku.</u></b>
<b>Alls.....</b>	<b>37 kennslustundir á viku.</b>

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla 2011 er miðað við að tímafjöldi nemenda sé allt að 37 stundir á viku og getur frjálst val verið 5 stundir. Athugið að val er bindandi fyrir komandi skólaár og því er mikilvægt að vanda valið.



## Valgreinar í 10. bekk 2020-2021

### Mikilvæg atriði sem hafa ber í huga:

**Valgreinar eru ekki aukagreinar** heldur eru þær jafn mikilvægar og kjarnagreinar og kröfur um ástundun og árangur verða á engan hátt minni.

Til þess að hægt sé að halda uppi kennslu í valgrein þarf tiltekinn lágmarksfjöldi nemenda að velja hana. Þess vegna verða nemendur að velja sér a.m.k. **6 valgreinar, merktar 1 – 6** á umsóknarslóðinni, sjá hér; <https://goo.gl/forms/IFYBaZNrdFhcB8N63> og raða þannig í forgangs röð. Það er áriðandi að nemendur ráðfæri sig við foreldra/forráðamenn sína áður en þeir senda inn umsóknina. Einnig er mikilvægt að val nemenda sé vel ígrundað svo ekki þurfi að gera breytingar eftir að búið er að útbúa stundatöflu fyrir hvern og einn.

### Annað val

Samkvæmt grunnskólalögum er hægt að meta þátttöku í félagslífi, íþróttum, tónlistarnámi eða skipulögðu sjáfboðastarfi sem nám í valgreinum á unglíngastigi. Til staðfestingar þurfa nemendur að skila inn umsóknareyðublaði sem nálgast má á heimasíðu skólans og á skrifstofu skólans. **Útskýra þarf hvaða annað nám er um að ræða þegar sótt er um þennan lið á umsóknarslóðinni.**

Nemandi getur að hámarki fengið 4 valtíma skólaársins metna sem annað val.

### Árbók

2 stundir á viku

Í byrjun verður farið í undirstöðuatriði fréttamennsku. Hvað eru fréttir? Uppbygging og gerð fréttu, fréttatilkynningar og greinaskrif. Mikilvægi góðs málfars á trúverðugleika fréttu. Farið í mismunandi tegund fjölmiðlunar. Undirstöðuatriði í myndatökum fyrir sjónvarp og blaðamiðla. Gefið verður út blað, skólablað, tímarit eða árbók í lok vetrar.

Námsmat: Umsögn sem m.a. byggir á virkni og sjálfstæði.

### 10. bekkur, búningahönnun fyrir söngleikinn

2 stundir á viku.

Lært að leggja snið á efni, sníða og sauma. Einnig skoðað hvernig hægt er að breytt grunnsniði.

Skoðaðir búnin og búningahönnun og gerðar saumatilraunir.

Markmiðið er að nemendur geti hjálpað til við að hanna og sauma búninga fyrir söngleikinn.

Á þemadögum munu nemendur hjálpa til við búningagerð

Námskeiðið lýkur eftir frágang á búningum eftir sýningahelgina

## **Bökunarlist**

2 stundir á viku

Nemendur læra að baka einfaldar og flóknari uppskriftir. Unnið með gerbakstur, hrært deig, hnoðað deig og þeytt deig. Markmiðið er að nemendur geti bakað á fjölbreyttan hátt bæði til heimilisins og þegar veislu ber að garði. Lagt verður mat á vinnu í tímum, frumkvæði, skipulag, sjálfstæði og vinnusemi.

## **Danskt talmál**

1 stund á viku

Nemendur vinna fjölbreyttar talæfingar, æfa framburð og áherslur, vinna og flytja kynningu og kynnast lauslega ýmsum dönskum mállýskum. Námið byggir mikið á samvinnu nemenda í tímum.

Markmiðið er að auka færni og sjálfsöryggi nemenda í að tala dönsku

Námsmat: Metin er virkni og þátttaka í kennslustundum og flutningur á verkefnum.

## **Enski boltinn**

1 stund á viku

Nemendur ræða um og skrifa um ýmis efni sem tengjast enska boltanum.

Hæfniviðmið:

- Að nemandi geti tekið þátt í skoðanaskiptum og fært rök fyrir máli sínu og geti tekið tillit til sjónarmiða viðmælenda.
- Geti tjáð sig skipulega og sagt skoðun sína.
- Geti skrifað samfelldan texta um efni sem hann hefur þekkingu á.

Námsmat: Virk þátttaka í tímu, styttri og lengri ritunarverkefni

## **Félagsstarf**

2 stundir á viku

Nemendur sem verða kosnir í nemendaráð fá þetta fag sem valgrein og verður því eitthvert annað val sem þeir völdu tekið úr stundaskrá.

Markmið: Að nemendur fái þjálfun í því að halda utan um og stjórna félagsstarfi.

Að nemendur fái tækifæri til þess að láta hugmyndir sínar um félagsstarf verða að veruleika.

Að nemendur læri að skipuleggja og halda stóra og smáa viðburði s.s. dansleiki, árshátíð, tónleika, listsýningar o.s.frv.

Að nemendur fái innsýn í skipulagt fundahald.

Námsmat: Starf nemenda verður metið eftir áhuga, ástundun og virkni.

## Forritun - Python

2 stundir á viku

Æskilegt er að nemandi hafi reynslu af forritun eða farið í gegnum basic forritun í smiðjum. Þessi áfangi byggir á forritunarkennslu Tækniskólans. Notast er við eitt algengasta forritunarmálið á markaðnum, Python 3. Við notum repl.it til þess að búa til ýmis forrit úr kennslubókum.

Námsmat: Verkefnaskil í google Classroom, símat, sjálfstæði og umgengni.

## Franska

1 stund á viku

Nemendur fá kynningu á franskri tungu, læra að kynna sig og segja frá á einfaldan hátt. Auk þess að læra orðaforða og málfræðigrunn fá nemendur kynningu á franskri menningu.

Markmið að nemandinn:

- Kynnist Frakklandi og öðrum löndum sem hafa frönsku sem opinbert mál.
- Kynnist franskri menningu.
- Læri undirstöðuatriði franskra tungu.

Námsmat: Vinna í tímum, skila verkefnum og kynning.

## Heimspeki

1 stund á viku

Markmið: Að nemendur fái þjálfun í heimspékilegri samræðu. Í slíkri samræðu eru ýmsir færniþættir þjálfaðir s.s. hlustun, gagnrýnin hugsun, skapandi hugsun, umhyggja og færni nemenda í að tjá hugsun sína. Í heimspeki er aðaláhersla lögð á að nemendur taki þátt í gagnrýninni samræðu í tímum.

Námsmat: Umsögn sem m.a. byggir á virkni og sjálfstæði.

## Hlaðvarp

1 stund á viku

Hlaðvarp er nýr miðill sem hefur slegið í gegn og er nokkurs konar útvarpsþáttur sem er aðgengilegur á netinu. Nemendur kynnast hlaðvarpsforminu betur og stefna að því að búa til hlaðvarpsþætti. Nemendur læra að safna upplýsingum um ákveðin efni til að miðla með hjálp tónlistar og viðtala á skemmtilegan hátt.

Markmið: Að nemendur vinni sjálfstætt, séu skapandi og sýni frumkvæði.

Að nemendur geti tjáð sig um skoðanir, reynslu og þekkingu.

Námsmat: Jafningjamat

## Hreyfing og heilsa

2 stundir á viku

Valáfangi fyrir alla þá sem hafa áhuga á að kynnast fjölbreyttri nálgun á hreyfingu og heilbrigðum lífsstíl. Í þessum áfanga munum við stunda líkamsrækt á fjölbreyttan hátt til dæmis með: jóga, stöðvaþjálfun, göngutúrum, hlaupa saman, hugleiðslu, slökun og fleira, ásamt því að skoða hollt matarræði.

Námsmat: Virkni og frammistaða nemenda í tímum.

## Ítalska

1 stund á viku

Markmiðið með valgreininni er að nemendur læri tungumálið og kynnist ítalskri menningu. Auk þess að læra orðaforða og málfræðigrunn fá nemendur kynningu á franskri menningu. Námsmat: Virkni í tímum og skil á ferilmöppu.

## Íþróttaval

2 stundir í viku

Nemendur fá að kynnast hinum ýmsu íþróttagreinum. Bæði verður um að ræða vettvangsferðir þar sem íþróttafélög eru heimsótt og líka farnar annars konar ferðir s.s. hjóla- og gönguferðir. Dæmi um íþróttagreinar sem nemendur fá að kynnast eru golf, Crossfit, skyllingar, klifur, íshökký o.fl. Ferðirnar verða farnar á hinum ýmsu tímum og fer það eftir því hvenær íþróttafélögin geta tekið á móti hópnum.

Námsmat: Byggt er á þátttöku og virkni (mæting yfir 80%). Lokið / Ólokið.

## Kvikmyndaval

2 stundir á viku

Í þessum áfanga verður horft á helstu meistaraverk kvikmyndasögunnar. Dæmi um myndir sem verða sýndar eru Breakfast Club, Casablanca, Rocky, Star Wars, Lord of the Rings o.fl. Eftir hverja mynd er kennari með fyrirlestur um myndina.

Áhersla: Ásamt því að nemendur fræðist um kvikmyndasöguna og öðlast samtímis þekkingu á ýmsum fyrirbærum í mannkynssögunni. Nemendur verða metnir eftir virkni í tímum og einnig skila þeir tveimur stuttum ritunarverkefnum.

## Matargerð og bakstur

2 stundir á viku

Stefnt er því að nemendur læri að elda fjölbreyttan, girnilegan og góðan mat. Þjálfist í að geta með öðrum skipulagt, útbúið og borið fram mat við ýmis tækifæri. Nemendur fá að baka og elda mat til skiptis. Lagt verður mat á vinnu í tímum, frumkvæði, skipulag, sjálfstæði og vinnusemi.

## Myndlist og textíl

1 stund á viku kennt verður í 2 stundir fram að jólum.

Í myndlist og textíl er lögð áhersla á að nemendur samþætti verkfæri myndlistar og textíl.

Nemendur vinna að verki það sem þeir samþætta og blanda saman t.d. Málningu, koli, blýanti, pastel litum, garni, þráðum, ull, prjóni, saumi og hvað eina sem nemendum dettur í hug.

Markmið er að nemendur geti:

- Valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreytta miðla
- Greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni
- Unnið sálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar og greint frá mismunandi nálgun við vinnuna
- Sýnt frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnusvæði

## Náttúran er heillandi

2 stundir á viku

Í þessu vali munum við skoða ýmislegt forvitnilegt í náttúrunni í kringum okkur. Ýmsar rannsóknir verða gerðar þar sem við fylgjumst með breytingum í náttúrunni. Við gerum tilraunir í efna- og eðlisfræði og förum í heimsóknir á áhugaverða staði. Horfum á fræðsluþætti, vinnum skapandi verkefni þar sem hver og einn fær að njóta sín. Aðalmálið er að hafa gaman af náttúru, útiveru, skapandi vinnu og þælingum um lífið og tilveruna. Svo megið ÞIÐ koma með tillögur að vinnu og verkefnum þegar við byrjum í haust.

Virkni, forvitni og áhugi verður að vera til staðar!

Námsmat: Virkni, forvitni og áhugi.

## Ritun

1 stund á viku

Farið verður í ýmsar gerðir af ritun: ritgerðir, fréttir, greinar, dagbókarskrif, smásögur o.fl.

Nemendur læra undirstöðuatriði hvorrar tegundar ritunar og verður áhersla á verklegar æfingar. Áhersla verður lögð á að sníða æfingar að áhugasviði hvers og eins.

Námsmat: Skil á ritunarverkefnum og virkni í tímum.

## Seinni heimsstyrjöldin

1 stund á viku

Áfangi fyrir þá sem hafa áhuga á því að fræðast um seinni heimsstyrjöldina. Farið verður yfir allar vígstöðvar, herferðir og helstu orrustur í einum stærsta viðburði mannkynssögunnar. Frábær þekking sem hægt er að nýta ef það vantar umræðuefni í afmælisveislu eða önnur boð. Áfanginn er mest megnis í fyrirlestrarformi með umræðum og myndskaiðum. Engin verkefnavinna verður í áfanganum en nemendur flytja einn stuttan fyrirlestur um eitthvað fyrirbæri tengt seinni heimsstyrjöldinni.

## Spilaklúbbur

2 stundir á viku

Nemendur læra að spila borðspil og með spilastokka. Lærum sem flest spil og aldrei spilað sömu spil í hverri viku nema í lokin þegar vinsælustu spilin verða spiluð aftur til þess að festa reglur þeirra enn betur í minni.

Námsmat byggir á virkni í tímum og mætingu.

## Spænska

1 stund á viku

Farið verður yfir grunnorðaförða í spænsku og helstu málfræðiatríði kynnt fyrir nemendum. Einnig fá nemendur kynningu á menningu spænskumælandi landa. Sérstök áhersla verður lögð á að þjálfra framburð og einföld samtöl.

### **Markmið:**

- Nemendur læri undirstöðuatriði spænsku, geti kynnt sig og tekið þátt í einföldum samtölum.
- Nemendur kynnist menningu spænskumælandi landa.

**Námsmat:** Þátttaka í tímum, verkefnamappa, lokakynning.

## Stíll

2 stundir á viku

Kennsla fer fram í u.þ.b. 12 vikur, 2 kennslustundir á viku. Unnið verður í samvinnu við félagsmiðstöðina Hraunið þar sem nemendur vinna meðal annars að hugmyndamöppunni og hanna og sauma flík í samræmi við þema keppinnar sem er ákveðið af ungmennaráð Samfés.

Þrír til fjórir nemendur vinna saman í hóp þar með talið módelið, hópurinn vinnur saman allan veturinn og gott er að vera búin að ákveða þegar þið skráið ykkur hverjir ætla að vera saman í hóp. Ekki er hægt að hætta í valinu á miðri önn vegna mikillar aðsóknar og ekki er æskilegt að vera að skipta um hóp í miðju ferli.

Frekari upplýsingar um Stíll-keppnina er að finna á

slóðinni: <http://www.samfes.is/vidburdir/still09>

Markmið áfangans er að nemendur læri að:

- Læri að hanna og útfæra hugmynd.
- taka upp snið, breyta og útfæra í samræmi við hugmynd.
- leggja snið á efni, sníða og sauma flík
- koma hugmyndum sínum á blað og vinni í hugmyndamöppu
- frumkvæði, sköpun og sjálfstæði
- vinnusemi, áhugi og vandvirkni

## Stærðfræðigrunnur

1 stund á viku

Einungis fyrir nemendur sem þurfa aðstoð við að bæta stærðfræðikunnáttu sína. Kennslan er einstaklingsmiðuð, þar sem lögð er áhersla á hvern og einn nemenda og þarfir hans.

Námsmat verður byggt á virkni og framförum.

## Tjáning og ræðumennska

1 stund á viku

Valfag sem hugsað er fyrir nemendur sem hafa áhuga á að æfa sig í að tala fyrir framan hóp. Farið verður í hvernig hægt er að auka öryggi og sjálfstraust þegar kemur að því að flytja stutta ræðu eða kynningu, ræðumennska og ræðukeppnir m.a. skoðaðar. Nemendur æfa sig sjálfir í flutningi í ákveðnum skrefum, allt frá örstuttum frásögnum til þess að flytja ræðu sjálf enda skapar æfingin meistarann í tjáningu eins og öðru.

Námsmat: Virkni í tímum og stök verkefni.

## Veistu svarið?

1 sund á viku

Þetta val er hugsað fyrir nemendur sem hafa brennandi áhuga á spurningakeppnum.

Nemendur þurfa að vera metnaðarfullir og geta unnið sjálfstætt.



Nemendur fá m.a. þjálfun og góðan undirbúning fyrir að taka þátt í spurningakeppni grunnskóla.

Námsmat: Umsögn byggir á virkni og sjálfstæði.

### **Vertu besta útgáfan af sjálfum þér – Sjálfshjálp.**

1 stund á viku

Hvað er það sem gerir manneskjuna hamingjusama? Hvernig getum við bætt okkur og gert líf okkar betra?

Nemendur skoða aðalviðfangsefni sjálfshjálpar og sálfræði. Einnig munu þau læra að setja sér markmið, sem þau velja sér sjálf og kynnast gagnlegum aðferðum markmiðasetningar.

Námsmat: Byggir að öllu leyti á verkefninu, virkni og frammistöðu nemenda í tímum.

### **Víðó-skaupið**

1 stund á viku

Þetta val er hugsað fyrir nokkra nemendur (12) í 10. bekk. Nemendur þurfa að vera ábyrgir og metnaðarfullir og geta unnið sjálfstætt. Farið verður yfir íslenska og erlenda grínþætti í sketsaformi, unnið að upplýsingaöflun, handritagerð, upptöku, klippingu og öðru sem tengist myndbandagerð. Lokaverkefnið er hið árlega Víðóskaup sem sýnt verður á árshátíð unglingsdeildar.

Námsmat: Umsögn sem m.a. byggir á virkni og sjálfstæði.

## Verk- og listgreinaval Tækniskólans 2020-2021 fyrir grunnskóla

Heiti	Verk- og listgreinaval Tækniskólans (VKG) fyrir 10. bekk
Lengd	2 einingar (18 vikur, 54 kennslustundir og skýrsla/kynning í grunnskóla)
Markmið og viðfangsefni	<p><i>Markmið:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Að efla tengsl grunnskóla og framhaldsskóla.</li> <li>• Að kynna nemendum uppbyggingu iðnnáms og listnáms.</li> <li>• Að kynnast möguleikum framhaldsmenntunar að námi loknu.</li> <li>• Að auðvelda grunnskólanemendum námsval í framhaldsskóla</li> <li>• Að kynna nemendum helstu tæki og tól sem notuð eru í viðkomandi iðngrein</li> <li>• Að nemendur kynnist handverki og læri vinnubrögð verknáms.</li> <li>• Öryggisatriði við vinnu á verkstæðum.</li> </ul> <p><i>Viðfangsefnin:</i></p> <p>Nemendur kynnast ólíkum viðfangsefnum í list- og verknámi sem kynntar eru í lotukerfi þar sem hver nemandi velur þrjú af eftirfarandi viðfangsefnum:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Hönnun og nýsköpun (Hafnarfirði og Skólavörðuholti)</li> <li>2. Tréið (Hafnarfirði og Skólavörðuholti)</li> <li>3. Tækniteikun (Hafnarfirði og Skólavörðuholti)</li> <li>4. Pípulagnir (Hafnarfirði)</li> <li>5. Málaraiðn (Skólavörðuholti)</li> <li>6. Rafiðn (Hafnarfirði og Skólavörðuholti)</li> <li>7. Málmiðn (Hafnarfirði)</li> <li>8. Skipstjórn (Háteigsvegi)</li> </ol>

	<p>9. Forritun og vefsmíði (Hafnarfirði og Skólavörðuholti)  10. Ljósmyndun og myndvinnsla (Hafnarfirði og Skólavörðuholti)  11. Hársnyrting (Skólavörðuholti)  12. Föt og fylgihlutir (Skólavörðuholti)</p> <p>Nánari lýsing valgreina fylgir sérstaklega (sjá bakhlið).  Hvert viðfangsefni tekur sex vikur, 3 kennslustundir á viku (3 x 40 mín.).  Í þessum sex vikna lotum í hverri grein fá nemendur tækifæri til að hanna og smíða eigulega gripi undir leiðsögn færustu kennara. Á þann hátt vinna nemendur að verkefnum, sem tengja saman viðkomandi faggrein og verkfærin, auk þess að kynnast uppbyggingu iðnnáms og möguleikum til framhaldsmenntunar að því loknu.  Þegar vali er lokið skulu nemendur (einir eða fáeinir saman) gera skýrslu/kynningu um valið sem er stýrt af hverjum grunnskóla fyrir sig og lagt fram í viðkomandi skóla.</p>								
<b>Markhópur</b>	10. bekkingar í grunnskólunum sem vilja kynnast vinnulagi og aðferðum í verk- og listnámi og undirbúa sig fyrir framhaldsnám.								
<b>Tími</b>	<p>Fimmtudagar kl. 15:20-17:20. Þrír samliggjandi tímar á viku í 6 vikur. Hver nemandi tekur þrjú tímabil af fjórum (skipulagt af Tækniskólanum):</p> <table border="1"> <tr> <td>1. tímabil</td> <td>2. tímabil</td> <td>3. tímabil</td> <td>4. tímabil</td> </tr> <tr> <td>10. sept. -15. okt. '20</td> <td>29. okt.- 03. des. '20</td> <td>14. jan. – 25. feb. '21</td> <td>04. mar. – 15. apr. '21</td> </tr> </table>	1. tímabil	2. tímabil	3. tímabil	4. tímabil	10. sept. -15. okt. '20	29. okt.- 03. des. '20	14. jan. – 25. feb. '21	04. mar. – 15. apr. '21
1. tímabil	2. tímabil	3. tímabil	4. tímabil						
10. sept. -15. okt. '20	29. okt.- 03. des. '20	14. jan. – 25. feb. '21	04. mar. – 15. apr. '21						
<b>Kennslustaður</b>	Tækniskólinn Hafnarfirði, Skólavörðuholti og Háteigsvegi.								
<b>Kennari/-ar</b>	Kennarar í Tækniskólanum á viðkomandi kennslusviðum.								

**Tímasetning:**

Kennt verður á fimmtudögum frá kl. 15:20 – 17:20.

**Staðsetning:**

Staðsetningar taka mið af starfsemi skólans. Ekki er hægt að bjóða upp á öll fagsvið á báðum stöðum. Við viljum samt bjóða þeim nemendum sem hafa áhuga á tilteknu fagsviði að koma sér sjálfum á milli staða. Dæmi: ef nemandi í skóla í Hafnarfirði vill kynna sér skipstjórn þá getur hann valið það fagsvið en þarf sjálfur að koma sér á Háteigsveg.

Móttaka nemenda fyrir hverja lotu er eftirfarandi:

**Hafnarfjörður:** Matsalur nemenda á annari hæð að Flatahrauni

**Skólavörðuholt:** Matsalur nemenda á þriðju hæð (einni hæð fyrir ofan skrifstofu).

**Háteigsvegur:** Anddyri skólans

Starfsmenn skólans og kennarar taka á móti nemendum við upphaf hverrar lotu og leiða hópinn í stofur.

Athugið að skrifstofur skólans loka kl. 15:00 og því mikilvægt að upplýsa nemendur um það hvert þeir eiga að mæta.

**Annað:**

Val nemenda þarf að fara fram í júní 2020 (í síðasta lagi) svo Tækniskólinn geti skipulagt námið í tíma. Kostnaður (kennslukostnaður og efniskostnaður) af valinu dreifist jafnt á alla nemendur sem taka þátt í valinu og sendist á skólana í samræmi við nemendafjölda frá hverjum skóla. Nemendur koma sér sjálfir á kennslustað.

## Nánari kynning á uppbyggingu einstakra viðfangsefna innan valgreinarinnar

**1. Hönnun og nýsköpun**

- Hönnun, nýsköpun og verkleg þjálfun í formum og vinna með efni af ýmsum toga.

**2. Tréið**

- Nemendur vinna að verkefnum í samráði við kennari hvort sem er eftir eigin hugmynd eða teikningum sem eru til í skólanum.
- Nemendur kynnast vélum og verkfærum sem notuð eru á smíðaverkstæðum.

**3. Tækniteiknun**

- Teiknifræði: Kynning á grunnatriðum í teiknifræði.

- Hönnunarforrit: Nemendur fá kynningu á helstu teikniforritum sem notuð eru við hönnun.
- Þjálfun: Nemendur fá þjálfun í notkun á þrívíðum hugbúnaði og framsetningu á teikningum.

#### **4. Pípulagnir**

- *Plastsuða*: Nemendur fá grunnkynningu á plastefnum, ásamt að sjóða saman ýmis verkefni, t.d. snjóbræðslukistur, sandföng o.fl.
- *Hita og vatnslagnir*: Nemendur fá kynningu á hita og vatnslögnum ásamt að leggja hita og vatnslagnir með nokkrum tegundum af efni.
- *Stýribúnaður*: Nemendur fá kynningu á ýmsum gerðum af stýribúnaði sem notaður er við hitalagnir.

#### **5. Málaraiðn**

- Nemendur kynnast spörtlun og skreytimálun.

#### **6. Rafiðn – Tölvu- og netkerfi**

- Nemendur kynnast grunnatriðum í rafeindatækni og fá að taka sundur tölvur og setja saman aftur.
- Kenndar eru lóðningar og ýmsir hlutar íhluta í rafrásum.
- Einnig verður kynning á rökrásum, tvítöluakerfinu og hermiforritum.

#### **7. Málmíðn**

- Skoðuð er aðstaða skólans í málmsmíði og véltækni, nemendur fá að kynnast helstu verkfærum til málmsmíða og málmsuðu og fá að smíða litla hluti úr málm.

#### **8. Skipstjórn – Siglingar og sjómennska**

- Nemendur kynnast aðstöðu skólans í skipstjórnargreinum, skoða upp í turn á Sjómannaskólahúsinu, sjá radar og gps.
- Fá að bæta net, binda hnúta og prófa að sigla stórum skipum um öll heimsins höf í risastórum skipstjórnarhermi.

#### **9. Upplýsingatækni – Forritun og vefsmíði**

- Nemendur læra undirstöðuatriði forritunar og búa til einfalda vefsíðu.

#### **10. Upplýsingatækni – Ljósmyndun og myndvinnsla**

- Nemendur læra að beita myndavél með því að taka myndir við margvíslegar aðstæður og farið verður í grunnatriði í stafrænni myndvinnslu.

#### **11. Hársnyrting**

- Nemendur skoða hár og fræðast um hár og hárumhirðu.
- Fléttaður verður saman fróðleikur og verklegar æfingar, farið í heimsóknir og möguleikar hársnyrtifagsins skoðaðir.

#### **12. Föt og fylgihlutir**

- Nemendur fá að kynnast námi og aðstöðu á fataiðnbraut, vinna verkefni úr ýmsum efnum og sjá hvernig hugmynd verður að flík.

## Nemendavalblað fyrir verk- og listgreinaval Tækniskólans

### Heiti: Verk- og listgreinaval Tækniskólans 2020-2021 fyrir 10. bekk

**Kennslustaður:** Tækniskólinn Hafnarfirði, Skólavörðuholti og Háteigsvegi.

**Kennarar:** Kennarar við Tækniskólann.

**Lengd:** 2 einingar (54 kennslustundir og skýrsla/kynning í grunnskóla)

**Tími:** Fimmtudagar kl. 15.20-17.20. Þrjú samliggjandi tímar á viku í 18 vikur sem dreifast yfir allt skólaárið, þrjú tímabil af fjórum og ekki endilega samfellt.

1. tímabil	2. tímabil	3. tímabil	4. tímabil
10. sept. -15. okt. '20	29. okt.- 03. des. '20	14. jan. – 25. feb. '21	04. mar. – 15. apr. '21

**Ferðir:** Nemendur koma sér sjálfir á kennslustað líkt og um hverja aðra valgrein utan grunnskóla og á eigin kostnað.

Nafn \_\_\_\_\_

kt. \_\_\_\_\_

Skóli \_\_\_\_\_

- Hver nemandi velur þrjú af eftirfarandi verkþáttum valsins: (1) hönnun og nýsköpun, (2) tréið, (3) tækniteikun, (4) pípulagnir, (5) málaraíð, (6) rafið, (7) málmið, (8) skipstjórn, (9) Forritun og vefsmíði, (10) Ljósmyndun og myndvinnsla, (11) Hársnyrting, (12) föt og fylgihlutir. Mitt val er (skrifðið á línurnar), röð skiptir ekki máli:

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

*Til viðbótar námi í einstökum viðfangsefnum er möguleiki á heimsóknum í fyrirtæki sem tengjast viðfangsefnum einstakra þátta í náminu.*

Reykjavík \_\_\_\_\_. maí 2020

Undirskrift nemanda

Undirskrift forráðamanns

Undirskrift forráðamanns

## Fjarnám

### *Almennir fjarnámsáfangar eru valmöguleiki*

Vilji nemendur stunda nám í framhaldsskólaáföngum sem **ekki eru hluti skyldunáms** í grunnskóla, s.s. þýska, bókfærsla o.fl. þá getur það verið hluti af vali nemenda í grunnskóla. Nemandi sinnir þá framhaldsskólaáföngum **utan kennslustunda í grunnskóla og greiðast af nemanda/forráðamönnum** eins og hvert annað fjarnám í framhaldsskóla.

## ANNAÐ - EKKI VALGREIN

### Bæjarbrúin í Flensborg

Nemandi sem hefur **lokið hæfniviðmiðum**, námslok 10. bekkjar í stærðfræði og/eða ensku og hefur hæfnieinkunnina B+ eða A, getur sótt framhaldsskólaáfanga í Flensborg á öðru þrepi. Einn framhaldsskólaáfangi verður í boði í hverju fagi sem dreifist yfir allt skólaárið. Það er þó háð lágmarkspáttöku.

Kennt verður alla þriðjudag frá kl. 14:30 og teljast sem kjarnagreinar í grunnskóla en ekki sem valgrein. Þegar kennslustundir eru í grunnskóla í sömu námsgreinum og nemendur sækja í framhaldsskólaáfanga fá þeir námsaðstöðu í skólanum (t.d. kennslustofu, bókasafni, tölvuveri) til að sinna því námi en **á eigin ábyrgð**.

Námsmat skal skráð á brottfaraskírteini nemanda upp úr grunnskóla. . Víðistaðaskóli þarf að samþykka hvern nemanda skriflega inn í námið og leggja mat á hæfni hans.

**Enska 203 – ENSK2HF05 ( sjá vef Flensborgarskólans) 3 stundir á viku**

**Stærðfræði 203 – STÆR2AF05.....3 stundir á viku**